



Innramatsskýrsla
Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2013-2014

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Haut 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tölulegar upplýsingar	3
Nýbreytni	3
Matsnefnd	4
Úrbótaáætlun	5
Umgengni og aðbúnaður	5
Óþægileg stríðni og einelti	5
Lokaorð	8

Inngangur

Eftirfarandi er stutt úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hvernig gekk að ná þeim markmiðum sem skólinn setti sér. Því miður verður að taka fram að verkfall sem var síðastliðið vor setti áætlun skólans úr skorðum varðandi kennslumatið. Ítarlegri og nákvæmari skýrsla um starfsemi skólans er að finna á heimasíðu hans undir heitinu „Skólaskýrsla FS fyrir 2013 – 2014“. Slóðin er: <http://www.fss.is/media/skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2013-2014.pdf>.

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í skólanum á haustönn 2013 voru álíka margir og árið áður eða rúmlega 1050 í dagskóla. Auk þess stunduðu rúmlega 100 nemendur grunnskólanna á svæðinu nám í fjórum áföngum, ensku, stærðfræði, rafmagnsfræði og smíðum. Stúlkur voru fleiri í þessum hópi grunnskólanemenda en strákar en annars eru strákar fleiri en stúlkur í skólanum.

Nokkur fækkun nemenda varð milli anna eins og alltaf gerist en tæplega eitt þúsund nemendur hófu nám á vorönn 2014. Fjöldi grunnskólanemenda var óbreyttur enda eru áfangar sem þeir taka kenndir á heilu ári í stað einnar annar. Þess má geta að það voru rúmlega 90 nemendur við nám í tengslum við átakið „Nám er vinnandi vegur“. Fjöldi kennslustunda á haustönn var 1780 í dagskóla á móti 1860 haust 2012 svo þeim hefur heldur fækkað samhliða fækkun nemenda. Aftur á móti hefur kenndum stundum fjölgað á starfsbraut úr 96+16 á haustönn 2012 í 106+18 (álagið) á haustönn 2013 en nemendum þar hefur fjölgað.

Kennsludagar voru 71 og prófadagar 15 á haustönn en vegna verkfallsins þá voru kennsludagar 65 og prófadagar 12, með frágangi. Fimm dögum var bætt við í kennslu vegna verkfallsins.

Fjöldi starfsmanna þessar tvær annir var 97 (H13) og 93 (V14). Þar af voru kennarar 76 (H13) og 74 (V14), stundakennarar voru 8 á haustönn 2013 en 6 á vorönninni. Aðrir starfsmenn voru 13. Þess má geta að verktakafyrirtæki sjá um mötuneyti og ræstingu. Frekari upplýsingar um starfsaldur og menntun kennara má sjá á heimasíðu skólans.

Nýbreytni

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabil verið í samstarfi við FSu og FVa og hélt það samstarf áfram þetta skólaár. Skólarnir voru með tvö þróunarverkefni í gangi en það er endurskoðun á námsbrautum í málmiðna- og véltæknibraut og bygginga- og mannvirkjagreina. Auk þess vorum við þátttakendur í 4 öðrum þróunarverkefnum ásamt öðrum skólum.

Námskrármálin voru fyrirferðamikil. Búið er að ganga frá 5 starfsnámsbrautum og sú síðasta heilbrigðis- og félagsþjónustubraut var í boði á haustönn. Einungis er eftir að setja þær inn í námskrárgrunninn. Skipuð var sex manna nefnd til að vinna að skipulagi stúdentsbrauta í skólanum og starfsmaður ráðinn í 25% starf til að halda utanum það verkefni. Stefnt er að því að hafa þrjár námsbrautir til stúdentsprófs auk þess sem hægt verður að ljúka stúdentsprófi af tæknistúdentsbraut.

Nemendum 10. bekkinga og forráðamönnum þeirra var boðið á opið hús milli kl. 17:00 og 19:00, þann 3. mars. Það er í annað sinn sem það er gert en með örlítið breyttu sniði frá því síðast. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti

sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Auk þess var skólinn þátttakandi á kynningu og íslandsmóti iðngreina í Kórnum 6.-8. mars.

Ný íþróttagrein bættist við á afreksbrautinni á haustönn en það voru bardagaíþróttir þ.e. taekwondo, júdó og hnefaleikar. Afreksíþróttalína skólans er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksíþróttamanna, samhliða krefjandi bóknámi. Hópurinn hittist fyrst á morgnana fjóra daga vikunnar en byrjar svo í hefðbundnum kennslustundum kl. 10:00.

Nemendur skólans tóku þátt í mörgum keppnum á skólaárinu og var árangurinn í mörgum þeirra mjög góður. Skólinn sigraði í Snilldarlausnum Marel's þriðja árið í röð og hlaut að launum farandgripinn Skaparann.

Í tengslum við AN-fornám var farið af stað með smíða- og listasmiðju. Í smíðasmiðjunni þá smíðuðu nemendurnir leikföng eins og dúkkurúm og hjólalestir út tré og svo hlaupahjól og skurðgröfur úr jární og heimsóttu leikskóla í Reykjanesbæ og færðu þeim að gjöf. Þetta er verkefni sem hefur tekist mjög vel og verður haldið áfram með. Þá verða fleiri leikskólar heimsóttir í nágrennabyggðarlögunum sem fá að njóta þessara leikfanga.

Skólinn hefur komið að og tekið þátt í nýsköpunarverkefnum á vegum sjávarklasana en tilgangurinn með því er að tengja skólann betur við atvinnulífið á svæðinu. Einnig hefur verið rætt við Hekluna, þróunarfélag Suðurnesja, Keili og fleiri aðila um stofnun FAB-LAB miðstöðvar á Suðurnesjum.

Matsnefnd

(skýrsla í heild í skólaskýrslunni)

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2015.

Helstu verkefni á haustönn 2013 voru:

1. Kennslumat þar sem u.þ.b. fjórðungur þriðjungur kennara er metinn
2. Könnun á líðan starfsmanna í FS
3. Mat á störfum stjórnenda

Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl. Könnun á líðan starfsmanna var lögð fyrir alla starfsmenn skólans aðra en stjórnendur. Gert var mat á störfum stjórnenda sem lagt var fyrir starfsmenn og fóru stjórnendur í starfsmannaviðtöl í framhaldi af því. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni á vorönn 2014 voru:

Fyrir lá að vinna að eftirtöldum verkefnum:

1. Kennslumat
2. Sameiginleg könnun á verkefninu Heilsueflandi skóli með FSu og FVA

Vegna verkfalls framhaldsskólakennara var þessum verkefnum frestað til haustsins 2014.

Könnun á líðan starfsmanna í FS

Könnunin var lögð fyrir rafrænt og voru gerðar nokkrar breytingar frá fyrri könnunum. Fram kemur að almennt líta starfsmenn með jákvæðum augum á Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem vinnustað. Þeir telja starfsanda góðan og að gagnkvæm virðing ríki meðal starfsmanna.

Að þessu sinni var starfsmönnum gefinn kostur á að svara opinni spurningu sem hljóðaði svo:

Hvað telur þú að skólinn geti gert til þess að bæta líðan þína í starfi?

Þar kom meðal annars fram að til að bæta líðan má t.d. hrósa fyrir vel unnin störf, upplýsa betur um ýmis málefni skólans og að ýmiss úreltur tækja- og húsbúnaður veldur óþarfa streitu í starfi. Fram kemur óánægja með launakjör.

Úrbótaáætlun

Umgengni og aðbúnaður

Athygli vekur hve margir eru óánægðir með umgengni kennara í sameiginlegu rými. Frá síðustu könnun hefur þjónusta á kaffistofu verið aukin en það mætti skoða þann möguleika að kaupa afkastameiri uppþvottavél í kaffiaðstöðu þar sem heimilisvélin annar ekki uppvaski frá u.þ.b. 100 starfsmönnum. Þá væri æskilegt að skólinn markaði sér stefnu um endurnýjun tækja og aðbúnaðar sem tengist vinnuumhverfi starfsmanna.

Óþægileg stríðni og einelti

Nokkrir starfsmenn segjast hafa orðið fyrir óþægilegri stríðni og einelti en þessi atriði koma endurtekið fyrir í könnunum af þessu tagi. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að viðvarandi einelti og óþægileg stríðni á sér stað í starfsmannahópnum eins og kannanir frá 2009 og 2011 sýna einnig. Þess vegna er mikilvægt að halda umræðu um forvarnir gegn einelti við með frekari fræðslu og umræðum á fundum. Gott væri að fá kynningu á mikilvægi jákvæðra og góðra samskipta á vinnustað.

Í A hluta viðauka skólasamningsins voru sett ákveðin mælanleg markmið.

- a. Markmiðið er að meðaltal spurninganna verði aldrei undir 4,0. Einnig verður stuðst við sjálfsmat kennara.
- b. Hrós og umbun fyrir vel unnin störf nemenda. Markmiðið er að meðaltal úr kennslumati (spurningar 13 og 14) fari ekki undir 3,8.
- c. Stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum. Markmiðið er að meðaltal úr kennslumati (spurning 17) fari ekki undir 4,25.

	haust 2012	vor 2013	haust 2013	viðmið
Kennslumat almennt	4,2	4,15	4,21	4
Hvatningin	3,91	3,8	3,93	3,8
Hrósið	4,05	3,9	4	3,8
Líðanin	4,38	4,37	4,38	4,25
Brottfall	11,9%	10,2%	7,0%	

Niðurstöður kennslumatsins sýna að markmið hafa náðst hvað varðar frammistöðu kennara og gæði kennslu. Meðaltal spurninganna eru 4,21 fyrir haustönn 2013 sem er vel yfir viðmiðunargildinu en kennslumatið var ekki lagt fyrir á vorönninni vegna verkfallsins. Markmiðið er að meðaltalið fari aldrei undir 4.

Þegar spurt er um jákvætt og hvetjandi andrúmsloft í skólanum þá kemur í ljós að hvatningin hefur verið rétt yfir viðmiðunarmörkum á haustönninni því meðaltalið er 3,93 en viðmiðið er 3,8. Hrósið er 4,0 sem er sömuleiðis viðunandi og vel yfir mörkum. Þegar líðan nemenda er metin út frá kennslumatinu (sp. 17) þá er hún nokkuð yfir viðmiðunarmörkum 4,38 (4,25) á haustönninni og hefur verið nánast sú sama undanfarnar annir.

2. Áhersla verður lögð á að þróa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.

- a. Starfsnámsbrautir verði orðnar 5 haustið 2014. „Smiðjur“ verði á sama tíma a.m.k. þrjár.
- b. Þrjár starfsnámsbrautir ásamt tilheyrandi áföngum verði komnar í námskrárgrunn haustið 2013.
- c. Starfsbraut, fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, verði komin í grunninn haustið 2013.
- d. Skilgreina almennt tækninám með námslok á fyrsta þrepi á vorönn 2013.

Búið er að þróa fimm starfsnámsbrautir og tvær smiðjur en ekki er búið að setja þær í námskrárgrunninn en það verk er hafið. Búið er að ráða verkefnastjóra í námskrárvinnuna og vinna hafin við að útfæra stúdentsbrautirnar. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið undir lok árs 2014. Námsbraut fyrir nemendur með námserfiðleika, starfsbraut, er tilbúin og hefur verið sett inn í námskrárgrunninn. Unnið hefur verið að námsbrautarlýsingum í verknámi en þeirri vinnu er ekki lokið.

3. Draga úr brottfalli

- a. Lækka brottfall þannig að í lok samningstímans hafi það lækkað um 1 – 1,5 prósentustig (10% og 6%).
- b. Á haustönn 2015 verði 80% kennara skólans virkir þátttakendur í kennslukerfinu MOODLE. Á haustönn 2012 var þetta hlutfall 52%.

Það er ánægjulegt að verulega hefur dregið úr brottfalli á haustönn 2013 og er það 7% hvort sem miðað er við hætta eða þá sem eru skráðir en hljóta ekki lokamat í áfanga. Þar hefur markmiðið náðst að draga úr brottfalli.

Á vorönninni hinsvegar þá hefur brottfall aukist verulega aftur og er 9% ef miðað er við þá sem hætta námi á önninni og 12,5% ef miðað er við þá sem ekki fara í próf. Í þeim tölum eru þeir sem skráðu sig í nám í upphafi en fengu síðan ekki lokamat í viðkomandi áfanga. Dæmi voru um að nemendur væru að minnka við sig í námi og hætta í einstaka áföngum. Þeir hafa því sagt sig úr áfanga eftir að frestur til þess var liðinn, hætt eða ekki mætt í próf. Það skýrir muninn sem er á þessum tölum (9% og 12,5%). Ég held að skýringin á þessum viðsnúningi sé einfaldlega þau áhrif sem verkfallið hafði á nám nemenda. Verkfallið skapaði los hjá nemendum og þeir voru ekki að sinna náminu á þeim tíma sem verkfallið stóð og voru þess vegna ekki tilbúnir í próf þegar því lauk en margir þeirra byrjuðu í raun aldrei að læra. Ég held líka að þetta hafi reynst þeim hópi sem var í verkefninu „Nám er vinnandi vegur“ erfitt. Brugðist hefur verið við þessu með auknu utanumhaldi, uppstokkun á umsjónarkerfinu, breyttum kennsluháttum í sumum greinum og fleira.

Við fengum niðurstöður könnunar sem Rannsóknir og greining unnu bæði á áfengis- og vímuefnaneyslu nemenda og eins á líðan nemenda okkar. Þær niðurstöður voru að mörgu leiti fróðlegar og niðurstöður þeirra kynntar fyrir foreldrum á foreldrafundi og eins starfsmönnum á starfsmannafundi. Við þurfum að huga að líðan stráka sem eru 18 ára og eldri en það hefur verið gert með því að fjölga námsráðgjöfum.

Fjöldi kennara sem er virkur á Moodle hefur aukist svo þar erum við á réttri leið. Virkir kennarar á Moodle núna eru 65% af heildarkennarahópnum.

4. Auka samstarf og samvinnu við menntastofnanir á svæðinu sem og fyrirtæki og sveitarfélög

- a. Gera samstarfssamning við Fisktækniskólann fyrir haustönn 2013.
- b. Auka samskipti og tengsl við stjórnendur og fagkennara í grunnskólum með því að útbúa fastan samstarfsgrundvöll með a.m.k. einum fundi á önn.
- c. Auka samstarf og samvinnu við MSS og Keili með tveimur fundum á ári. Fyrsti fundur verði á vorönn 2013.

Fisktækniskólinn hefur gert starfssamning við ráðuneytið og er sjálfstæður skóli svo þær hugmyndir sem uppi voru um að hann yrði undir okkar stjórn eru úr sögunni.

Fundað hefur verið með fulltrúum fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og skólastjórnendum á svæðinu öllu. Á þeim fundum hefur einkum verið rætt um fljótandi skil milli skólastiga og hvernig mætti efla þau og svo hitt hvernig niðurstöðu prófa í kjarnagreinum á fyrstu önn hafa verið eftir skólum og árangur nemenda hvers grunnskóla í þeim prófum þannig metinn. Markmiðið með þessu samstarfi er að stuðla að því að nemendur raðist sem réttast í áfanga í framhaldsskóla.

Skólameistari og námsráðgjafi tóku þátt í mótum menntastefnu fyrir Suðurnes á reglulegum fundum síðastliðinn vetur ásamt öðrum hagaðilum á sviði menntunar.

Lokaorð

Ekki er á þessari stundu hægt að segja til um hver fjárhagsstaða skólans er þar sem ekki er búið að gera upp fyrir síðustu önn, verkfallið og uppbætur vegna launahækkana.

Nánar má lesa um einstaka þætti þjónustunnar og annað í skólastarfinu í skólaskýrslunni sem er á heimasíðu skólans. Þar er meðal annars að finna skýrslur allra sviða, bókasafns, nemendafélagsins og þeirra starfsmanna sem gegna sérstörfum.

Í lokin má geta þess að skólinn lenti í fjórða sæti í flokki stórra stofnana í könnun sem SFR gerir árlega meðal allrastarfsmanna stofnana ríkis og bæja. Við megum því kalla okkur fyrirmyndarstofnun

Það er ýmislegt nýtt sem hefur verið að gerast hjá nemendum og nemendafélaginu NFS.

NFS setti upp söngleikinn Dirty Dancing við góðar undirtektir en söngleikur hefur ekki verið settur upp í nokkurn tíma. Höfðu þau einnig eina góðgerðasýningu og aðgangseyririnn af þeirri sýningu var færður Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Nemendur í fata- og textílhönnun sýndu afurðir sínar opinberlega í afgreiðslu Landsbankans í Keflavík. Nemendur á listnámsbraut unnu tillögur að útilistaverkum við strandleiðina í Reykjanesbæ og var haldin sýning á hugmyndum þeirra í Duushúsum.

